



4. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um þskj. 418 – 258. mál, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn

Eftirfarandi er umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands um nokkrar greinar í umræddu lagafrumvarpi, þó aðeins um þann hluta sem snýr að lögum um matvæli, enda snertir sá hluti verksvið HAUST.

Aths. við 4. gr.

Með liðum c og d eru kynnt áform um flutning eftirlits með kjötvinnslum utan sláturhúsa, kjötpökkunarstöðvum og mjólkurstöðvum frá heilbrigðisnefndum til Matvælastofnunar. Hér er um að ræða flutning á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkis og þessu harðlega mótmælt.

Það er skoðun HAUST að hvers konar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga beri að ræða formlega milli viðkomandi stjórnarsýslustiga og semja þar um ef báðir aðilar hafa vilja til. Einnig væri eðlilegt að leita umsagnar hjá viðkomandi starfsgreinum, ekki síst þar sem um fjölgun eftiriitsaðila er að ræða.

Með umræddri breytingu á verkaskiptingu er ekki aðeins verið að flytja verkefni milli stjórnarsýslustiga heldur einnig verið að þyngja eftirlitsálag með fyrirtækjum, einnig litlum sprotafyrirtækjum, t.d. þeim sem bændur hafa komið sér upp í anda "beint frá býli". Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur nú heildstætt eftiriit með neysluvatnsveitum, kjötvinnslum og mengunarhættu (fráveitu, lykt, úrgangsmálum) frá slíkum vinnslum og skoðar allt samstætt í einni eftirlitsferð. Verði eftiriit með kjötvinnslunum fært til MAST er verið að fjölga eftiriitsaðilum og þar með eftiriitsferðum á kostnað lítilla fyrirtækja. Þetta er að mati HAUST ekki í anda "einfaldara Íslands" né heldur í þágu framleiðenda eða neytenda.

Það er skilningur HAUST að ekki sé í reglugerð EB 178/2002 gerð krafa um slíka tilfærslu verkefna né heldur að dýralæknar fari með umrætt eftiriit. Aukinheldur geta heilbrigðisnefndir sveitarfélaga auðveldlega ráðið dýralækna til starfa, ekki síður en Matvælastofnun, enda eru t.d. matvælafræðingar ekki síður færir um eftiriit í kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum en dýralæknar.

Aths. við 7. grein.

Í frumvarpinu er eftirfarandi grein: "Ráðherra er heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðverð matvæla ... " o.s.frv. Eindregið er mælt með að orðaðlagi við breytt þannig að "Ráðherra skuli..."

Það hefur lengi verið mat heilbrigðiseftiriits að nauðsynlegt sé að starfsmenn í matvælafyrirtækjum hafi til að bera lágmarkspökkingu á hreinlæti og gerlafræði, enda er skortur á slíkri þökkingu ógnun við öryggi og hollustu matvæla.

Ábending varðandi 14. gr.

Mikilvægt er að við ákvarðanir um hvaða eftirlitsaðili fari með eftirlit hafi ráðherra í huga að afar mörg fyrirtæki eru háð starfsleyfi og eftirliti heilbrigðisnefnda með aðra þætti en matvæli. Þegar heilbrigðisnefndir fara með eftirlit vegna hollustuhátta og/eða mengunarvarna til viðbótar við matvælaeftirlit á sömu starfsstöð væri um að ræða aukinn kostnað og tíma fyrir eftirlitsþega ef eftirlitsstofnunum er fjölgað úr einni í tvær með því að færa matvælaeftirlit frá heilbrigðisnefndum til Matvælastofnunar.

Ábending vegna 15. gr.

Í greininni er fjallað um að opinberum eftirlitsaðilum sé heimilt að fela faggiltum aðilum eftirlitsverkefni.

Undirrituð telur sjálfsagt að í þessari grein verði einnig tekið fram að Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir geti með samningum falið hver annarri að fara með eftirlitsverkefni. Að mati HAUST getur hér verið um að ræða hagkvæmni fyrir eftirlitsþega með fækkun eftirlitsaðila, þar sem t.d. litlar matvælavinnsur, þ.m.t. fiskvinnsur þurfa eftirlit skv. matvælalögum og einnig vegna mengunarvarna. Hjá heilbrigðiseftirliti er fagleg kunnátta vegna eftirlits með hvoru tveggja til staðar og auðvelt að sinna því í einni eftirlitsferð.


Aths. við 17. gr.


Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að eftirlitsþolar muni "greiða raunkostnað vegna eftirlits og því ætti ekki að falla aukinn kostnaður á sveitarfélögin vegna breytinga á matvælaeftirliti". Það er mat HAUST að til að tryggja öryggi vöru og neytenda muni þurfa að koma til aukið markaðseftirlit og sýnataka með auknum innflutningi og frjálsum flæði matvæla. Sýnataka og rannsóknir á sýnum eru mjög kostnaðarsamar og fyrir liggur að mörg tilfelli vegna kvartana, ábendinga eða gruns um hugsanlega matarsjúkdóma er ekki hægt að innheimta af eftirlitsþegum. Það er því alrangt að halda því fram að ekki verið um að ræða aukinn kostnað við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

Aths. við 19. gr. d lið

Því er hér með mótmælt að Matvælastofnun fái inngripsrétt og geti stöðvað starfsemi einstakra fyrirtækja sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru nær neytendum en Matvælastofnun og bera hagsmuni þeirra ekki slíður fyrir brjósti heldur en ríkisstofnun. Ef Matvælastofnun telur að um bráðahættu sé að ræða og að tafarlaust þurfi að takmarka starfsemi ber henni að tilkynna slíkt tafarlaust til heilbrigðisnefndar, sem síðan metur ástandið og bregst við.

Virðingarfyllt f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Helga Hveinsdóttir
frkvstj. HAUST



Einnig sent í tölvupósti til
nefndasvið@althingi.is